

**Nd.**

## **14. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

### **1. gr.**

Fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn hvernar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð 5 mönnum. Þrjú þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklyðsfélagi eða fulltrúaráði verklyðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar lög þessi hafa öðlazi gildi, skulu viðkomandi aðilar kjósa og tilnefna menn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofa til næstu þriggja ára.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og hlaut þá samþykki þessarar háttvirtu deildar. En sökum þess, hve áliðið var orðið þings, er það kom til Ed., og annir þá miklar, dagaði það þar uppi í nefnd.

Frv. fylgdi á síðasta þingi svo hljóðandi greinargerð:

„Breytingar þær, sem gerðar eru með frv. þessu á gildandi lögum um vinnumiðlun, eru þær einar, að lagt er til, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir kjósi 3 menn af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í stað tveggja eftir núgildandi ákvæðum. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau, að vinnumiðlunarskrifstofur eru fyrst og fremst bæjarstofnanir. Bæjarsjóðir bera af þeim  $\frac{2}{3}$  hluta kostnaðar, og starfsemi þeirra er algert bæjarmál. Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstjórnir kjósi meiri hluta stjórnar slíkra stofnana. Þróunin virðist nú einnig benda í þá átt, að æskilegt sé að gera starfsemi bæjarfélaganna og stofnana þeirra óháðari ríkisvaldinu. Samþykkt frv. þessa væri þáttur þeirrar eðlilegu þróunar.“